

Leitið að almennum vísbendingum um versnandi færni og heilsufar		
<ul style="list-style-type: none"> Bráðainnlagnir á sjúkrahús. Skert færni eða fer versnandi, batnandi færni talin ólíkleg (er t.d. meira en 50% í stól/rúmi yfir daginn). Er háður öðrum við flestar athafnir daglegs lífs vegna aukins líkamlegs og/eða andlegs heilsufarsvanda. Aðstandandi þarfnast aukinnar aðstoðar og stuðnings. Vaxandi þyngdartap; er undir kjörþyngd; lítill vöðvamassi. Viðvarandi erfið einkenni þrátt fyrir kjörmeðferð við undirliggjandi ástandi. Sjúklingur (eða fjölskylda) óskar eftir áherslu á líknarmeðferð; velur að draga úr, hætta eða þiggja ekki lífslengjandi meðferð; eða óskar eftir auknum áherslum á lífsgæði. 		
Leitið eftir klínískum vísbendingum sem tengjast einum eða fleiri lífsógnandi sjúkdómum.		
<p>Krabbamein:</p> <p>Minnkandi færni vegna versnandi sjúkdóms.</p> <p>Of veikburða fyrir krabbameinsmeðferð eða markmið. krabbameinsmeðferðar er að draga úr einkennum.</p>	<p>Hjarta- og æðasjúkdómur:</p> <p>Hjartabilun (stig III eða IV) eða útbreiddur kransæðasjúkdómur, með andþyngslum eða brjóstverkjum í hvíld eða við lágmarks áreynslu.</p> <p>Alvarlegur, óskurðtækur útæðasjúkdómur.</p>	<p>Nýrnasjúkdómur:</p> <p>Langvinn nýrnabilun, stig 4 eða 5 (eGFR <30ml/mín) og versnandi heilsufar.</p> <p>Nýrnabilun samhliða öðru lífsógnandi ástandi eða meðferð.</p> <p>Skilun hætt eða á ekki að hefja skilun.</p>
<p>Heilabilun/hrumleiki:</p> <p>Getur ekki klæðst, gengið eða borðað án aðstoðar.</p> <p>Borðar og drekkur minna en áður, kyngingarerfiðleikar.</p> <p>Hefur ekki stjórn á þvagi og/eða hægðum.</p> <p>Getur ekki tjáð sig með tali; lítill félagsleg samskipti.</p> <p>Endurteknar byltur; lærleggsbrot.</p> <p>Endurteknar sýkingar, ásvelgingslungnabólga.</p>	<p>Lungnasjúkdómur:</p> <p>Alvarlegur langvinnur lungnasjúkdómur; tíðar versnanir; með andþyngslum í hvíld eða við lágmarks áreynslu.</p> <p>Viðvarandi súrefnisskortur, langvarandi súrefnismeðferð.</p> <p>Hefur þurft öndunarstuðning vegna öndunarbilunar eða öndunarstuðningur er frábending.</p>	<p>Lifransjúkdómur:</p> <p>Skorpulifur með einn eða fleiri fylgikvilla á liðnu ári:</p> <ul style="list-style-type: none"> kviðarholsvökvi sem svarar ekki þvagræsimeðferð lifrarheilakvilli lifrarnýraheilkenni (hepatorenal), bakteríusýking í kviðarholsvökva endurteknar blæðingar frá æðagúllum í vélinda. <p>Lifrarigræðsla ekki möguleg.</p>
<p>Taugasjúkdómur:</p> <p>Versnandi líkamleg færni og/eða vitræn geta þrátt fyrir kjörmeðferð.</p> <p>Taltruflanir með vaxandi tjáskiptaerfiðleikum og/eða vaxandi kyngingarerfiðleikum.</p> <p>Endurtekin ásvelgingslungnabólga; andþyngsli eða öndunarbilun.</p> <p>Viðvarandi lömun eftir heilablóðfall með verulega skertri færni og viðvarandi fötlun.</p>	<p>Annað:</p> <p>Versnun vegna annarra undirliggjandi sjúkdóma eða fylgikvilla; ástand ekki viðsnúanlegt. Kjörmeðferð mun ekki lengja líf. Horfur eru lakar.</p> <hr/> <p>Endurskoðið núverandi meðferð og meðferðarmarkmið</p> <ul style="list-style-type: none"> Endurskoðið núverandi lyf og meðferð til að tryggja að sjúklingur fái kjörmeðferð; einfaldið lyfjagjöf ef mögulegt. Íhugið að leita ráðgjafar sérhæfðrar líknarþjónustu ef einkenni eru flókin og illviðráðanleg. Ræðið núverandi meðferðarmarkmið og framtíðina og gerið áætlun um áherslur meðferðar með sjúklingi og fjölskyldu. Veitið fjölskyldu stuðning. Gerið tímanlega áætlun um framhaldið ef fyrirséð er að sjúklingur geti misst getu til að taka ákvörðun. Ræðið og skráðið meðferðarmarkmið og meðferðarstig í rafræna sjúkraskrá. 	